



## Fundargerð – 565. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeýðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 14. janúar 2025 kl. 16:30 í fundarsal Kölku.

Mættir: Önundur Jónasson, Ingþór Guðmundsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, Svavar Grétarsson, Eiður Ævarsson og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Brennsluheimsókn í boði Ingþórs
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Reksturinn 2024, gróft yfirlit
4. Stefna og markmið Kölku - árleg yfirferð
5. Áhersla í rekstri Kölku á árinu.
6. Önnur mál.

### 1. Brennsluheimsókn í boði Ingþórs

Ingþór, rekstrarstjóri brennslu Kölku, fór með stjórn um brennslu Kölku.

### 2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundu. Framkvæmdastjórinn fór m.a. yfir öryggis- og starfsmannamál, brennsluna í desember og brennsluna á árinu 2024, fyrstu sýn á uppgjör 2024, endurnýjun og endurbætur myndavélakerfis, cat 1 úrgangur, eftirlitsheimsókn UTS og undirbúning sorporkustöðvar.

### 3. Reksturinn 2024, gróft yfirlit

Framkvæmdastjórinn fór yfir grófar efnistöður úr græna bókhaldinu fyrir árið 2024.

### 4. Stefna og markmið Kölku - árleg yfirferð

Þessum dagskrárlið var frestað til næsta fundar.

### 5. Áherslur í rekstri Kölku á árinu

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu áherslur fyrir árið 2025, m.a. í tengslum við grenndarstöðvar og flokkun þar, tölfræði og viðskiptagreind, ýmislegt til að bæta aðstöðu og búnað til flokkunar og söfnunar, brennslu, launagreiningu, tímaskráningarkerfi, rýni bókhalds og bættar kostnaðarupplýsingar, auka samvinnu milli starfsmanna í brennslu og stöð/plani. Framkvæmdastjórinn fór einnig yfir aðgerðir til að bæta nýtingu brennslunnar og uppbyggingu starfsfólks á árinu og ýmis samstörf á árinu.

### 6. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin til umræðu eða afgreiðslu.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:20.  
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 11. febrúar 2025

Fundargerð samþykkt með rafrænni undirritun.

---

Önundur Jónasson

---

Svavar Grétarsson

---

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

---

Eiður Ævarsson

---

Ingbór Guðmundsson

---

Steinþór Þórðarson